



# SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA

Association of Icelandic Insurance Companies

S/252

Alþingi,  
efnahags og viðskiptanefnd,  
nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.

Suðurlandsbraut 6  
108 Reykjavík  
Sími/Tel.: +354-568 1612  
Bréfsími/Fax: +354-568 9664

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 130/371*  
*komudagur 28.11.2003*

27. nóvember 2003

**Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu varðandi afnám verðtryggingar á fjárskuldbindingum, 99. mál.**

Með bréfi efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 12. nóvember sl., var óskað umsagnar Sambands íslenskra tryggingafélaga um ofangreint þingmál. Eftirfarandi atriðum skal hreyft af þessu tilefni:


1. Í tillögu þessari felst, að skipuð verði nefnd, sem meti áhrif þess, ef verðtrygging verði aflögð í áföngum. Í greinargerð flutningsmanna kemur fram, að verðtrygging hafi verið á inn- og útlánnum á Íslandi í rúmlega 30 ár, og meginforsendan fyrir verðtryggingunni á sínum tíma hafi verið að hindra að sparifé landsmanna yrði verðbólgunni að bráð.

Um eitt af meginmarkmiðum verðtryggingarinnar er vissulega rétt með farið hjá flutningsmönnum. Á hinn bóginn er ekki rétt, að verðtryggingar hafi verið á inn- og útlánnum hér á landi í yfir 30 ár. Slíkt var ekki heimilað fyrr en með lögum árið 1979 (lög nr. 13/1979 um stjórn efnahagsmála). Væri út af þessu brugðið á þessum árum, átti við um þá háttsemi ströng lög um bann við okri. Það lagaumhverfi, sem í þessu efni ríkti hér á landi fyrir um 20 árum, vilja sjálfsagt fáir ef nokkrir fá yfir sig aftur. Valfrelsi um lánskjör, þ.á.m. með eða án verðtryggingar, er efalítið affarasælast fyrir alla hlutaðeigandi, til lengri og skemmri tíma litið.

2. Af efni tillögunnar verður skýrt ráðið, að fyrir flutningsmönnum hennar vakir einungis, að kostir og gallar þess að afnema verðtryggingu á inn- og útlánnum í

áföngum verði skoðaðir, sem og að lántakendur hafi val um verðtryggð eða óverðtryggð lánskjör. M.ö.o. ekki er verið að setja fram beina tillögu um það, að hafist verði handa við að afnema verðtryggingu á fjárskuldbindingum. Í ljósi þessa hefur Samband íslenskra tryggingafélaga fyrir sitt leyti ekkert við það að athuga, að þingsályktunartillagan verði samþykkt óbreytt.

Virðingarfyllst,  
SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA



Sigmar Ármannsson